

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 148/2009

frá 4. desember 2009

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/2009 frá 25. september 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/73/EB frá 17. desember 2008 um breytingu á ákvörðun 2007/589/EB í því skyni að fella inn í hana viðmiðunarreglur um vöktun og skýrslugjöf vegna losunar á nituroxíði ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/339/EB frá 16. apríl 2009 um breytingu á ákvörðun 2007/589/EB í því skyni að fella inn í hana viðmiðunarreglur um vöktun og skýrslugjöf vegna losunar og upplýsinga um tonnkilómetra í tengslum við flugstarfsemi ⁽³⁾.
- 4) Eftirlitsáætlanir, sem umráðendur loftfara senda lögbærum stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum og hljóta samþykki hinna síðarnefndu í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2009/339/EB, verða taldar samþykktar í samræmi við ákvæði 6. þáttar XIV. viðauka og 3. þáttar XV. viðauka við ákvörðun 2009/339/EB og verður farið með þær sem slíkar við framkvæmd kerfis Evrópusambandsins fyrir viðskipti með losunarheimildir í tengslum við flugrekstur.
- 5) Ákvörðun 2009/339/EB er felld inn í samninginn á undan tilskipun 2008/101/EB, en það er gert með fyrirvara um sambærilega innfellingu gerða í framtíðinni og hugsanlegar samningaviðræður um aðlögunarákvæði vegna tilskipunar 2008/101/EB.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 21am (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/589/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32009 D 0073**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/73/EB frá 17. desember 2008 (Stjtið. ESB L 24, 28.1.2009, bls. 18),

⁽¹⁾ Stjtið. 304, 19.11.2009, bls. 18, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 61, 19.11.2009, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 24, 28.1.2009, bls. 18.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 103, 23.4.2009, bls. 10.

- **32009 D 0339**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/339/EB frá 16. apríl 2009 (Stjtíð. ESB L 103, 23.4.2009, bls. 10).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2009/73/EB og 2009/339/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. desember 2009, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. desember 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
O.H. Sletnes
formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.